

Ástundun nemenda í Síðuskóla

1. Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs.
2. Óheimil fjarvist og óstundvísi gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um ástundunareinkunn við lok annar.

Punktur eru gefnir sem hér segir:

1. Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 3 punkta.
2. Að mæta of seint gefur 1 punkt. Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina.

Punktur á skólaönn

Punktur	Einkunn	Punktur	Einkunn
0-2	10	19-20	5,5
3-4	9,5	21-22	5,0
5-6	9,0	23-24	4,5
7-8	8,5	25-26	4,0
9-10	8,0	27-28	3,5
11-12	7,5	29-30	3,0
13-14	7,0	31-32	2,5
15-16	6,5	33-34	2,0
17-18	6,0	35-36	1,5
		37 og fleiri	1,0

Umsjónarkennari upplýsir nemanda /foreldra vikulega um punktastöðu þeirra með því að senda ástundun til foreldra í gegnum Mentor.is. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.

- Ef nemandi er kominn með 10 punkta ræðir umsjónarkennari við nemandann og gerir athugasemd þegar ástundun er send heim. Kennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans, hvetur hann til þess að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.
- Ef nemandi er kominn með 12 punkta er hringt í foreldra/forráðamenn og þeir upplýstir og lausna leitað.
- Ef nemandir er kominn með 16 punkta eru foreldrar boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.
- Ef nemandi fær 18 punkta er málinu vísað til stjórnenda og í nemendaverndarráð skólans sem tekur ákvörðun um frekari úrræði. Niðurstaða skráð í Mentor/Námfús eða persónumöppu nemanda. Meðal mögulegra úrræða nemendaverndarráðs er að óska eftir aðstoð fræðslu og/eða fjölskyldusviðs. Hafi staða nemandans ekki batnað eftir fjórar vikur frá því að nemendaverndarráð tók málið til umfjöllunar skal boðað til annars fundar þar sem farið er yfir málið og metið hvort það eigi að tilkynna það til barnaverndar.

Hækkun á ástundunareinkunn

Einu sinni í mánuði getur nemandi, með samþykki foreldra, sótt um hækkun ástundunareinkunnar til umsjónarkennara. Nemandi fær þá eyðublað sem fylla á út og getur hann óskað eftir að fá ástundunareinkunnina hækkaða um 0,5 fyrir hverjar tvær vikur sem enginn punktur hefur verið skráður.